

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 260/2008

2014/EES/73/64

frá 18. mars 2008

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 með samningu
VII. viðauka þar sem skráðar eru samsetningar virks efnis og afurðar sem falla undir undanþágu
að því er varðar meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 3. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nokkur aðildarríki hafa bent framkvæmdastjórninni á að þörf sé fyrir undanþágu frá hámarksgildum leifa, sem tilgreind eru í II. og III. viðauka, og hafa tilgreint uppskeru og varnarefni sem undanþágubeiðnin þarf að ná til. Með slíkri undanþágu geta aðildarríkin heimilað, á eigin yfirráðasvæði í tengslum við meðhöndlun með svæliefni að lokinni uppskeru, gildi efnaleifa fyrir virk efni sem eru hærri en þau mörk sem eru tilgreind í þessum viðaukum til að koma í veg fyrir röskun

viðskipta með afurðir sem voru meðhöndlaðar með svæliefni að lokinni uppskeru.

- 2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Textinn í viðaukanum við þessa reglugerð bætist við sem VII. viðauki við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. mars 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 76, 19.3.2008, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 8.

(¹) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 178/2006 (Stjtið. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 3).

VIÐAUKI

„VII. VIÐAUKI

Samsetning virks efnis eða afurðar, eins og um getur í 3. mgr. 18. gr.

Virkt efni.	Afurð í I. viðauka (Kenninúmer)
Vetnisfosfið	Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), oliufræ og oliurik aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000).
Álfosfið	Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), oliufræ og oliurik aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000).
Magnesiumfosfið	Aldin (0100000), grænmeti (0200000), belgjurtir (0300000), oliufræ og oliurik aldin (0400000), korn (0500000), te, kaffi, jurtateduft og kakó (0600000), krydd (0800000).
Súlfúrylflúorið	Aldin (0100000), korn (0500000). ⁴⁴